



Karlakórinn Fóstbræður.

FÓSTBRÆÐUR

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Karlakórinn Fóstbræður lauk sínu 74. starfsári með vortónleikum í Langholtskirkju sl. fimmtudag. Tónleikarnir hófust með syru íslenskra þjóðlaga í raddsetningu Emils Thoroddsen. Emil var vel fær tónsmiður og eru raddsetningar þessar faglega vel unnar. Tveir kórfélagar, Eiríkur Tryggvason og Valdimar Örnólfsson, sungu einsöng í tveimur laganna og stóðu sig með þrýði. Búðarvísurnar eftir Emil voru næsta viðfangsefni kórsins, þetta lag er meðal vinsælustu kórlaga Emils. Undirleik í þessum lögum annaðist Lára Rafnsdóttir, sem hún útfærði sérlega skemmtilega í Búðarvísunum. Þrjú næstu lögin voru gamlir kunningjar; Spinn, spinn, Þú komst í hlaðið og Um sumardag en í því lagi söng Þorgeir Andrússon einsöng.

Eitt verk var frumflutt á þessum tónleikum og stakk það nokkuð í stúf við önnur verkefni tónleikanna, en það er tónverk eftir söngstjórnann Ragnar Björnsson

við kvæði eftir Steingerði Guðmundsdóttur. Kvæðið er ort um altariðfla Nínu Tryggvadóttur í Skálholti. Ragnar byggir verkið að mestu upp af tveimur tónhugmyndum, stækkandi hljómkösum og frjálsslega unnu „ostinato“ stefi, sem barnakór söng. Þar voru að verki 13 börn úr skólakór Garðabæjar. Hjalti Guðmundsson flutti nokkra einsöngstóna.

Verkið hefst á síhækkandi hljómkösum, sem mynda einskonar A-kafla verksins. B-kaflinn er unninn úr stuttu steffrymi sem barnakórinn söng mjög vel. Eftir stuttan millikafli, þar sem sungnir eru kyrrstæðir hljómar með vaxandi styrk við orðið náð, sem má skilja sem ákall, heyrast aftur hljómklasar, en nú ofan frá og niður. Saman við þá skarast stefbrot barnakórsins (B-kaflinn). Verkinu lýkur svo á hækkandi hljómkösum og það endar með því að há- og lágraddir skiptast á að syngja niðurlag klasanna.

Verkið samdi Ragnar 1973 en á þeim árum var mikið um alls konar tilraunir í hljómskipan. Verkið er feikna erfitt í flutningi

og útheimtir sterkar andstæður í styrk og var flutningur þessa sérkennilega verks góður, sérstaklega barnanna, sem sungu af öryggi og mjög fallega.

Kvartett og oktett sungu nokkur lög og meðal annars Litli fugl, eftir Sigfús Halldórsson. Eftir nokkur sænsk lög, en í einu þeirra söng Jóhann Smári Sævarsson einsöng, lauk tónleikunum með fimm lögum eftir Gylfa Þ. Gíslason, í raddsetningu Jóns Þórarínssonar. Þar sungu einsöng Erna Guðmundsdóttir og Þorgeir Andrússon en auk þess kórfélagarnir Björn Emilsson, Aðalsteinn Guðlaugsson og Skúli Möller. Lög Gylfa eru vinsæl, sérstaklega Ég leitaði blárra blóma, sem Andrés Guðmundsson söng mjög vel. Undirleikari var Lára Rafnsdóttir og stjórnaði, eins og fyrr greinir, Ragnar Björnsson. Kórinn var nokkuð misjafn, einkum er varðaði tónstöðu háradanna en þar á móti mátti oft heyra mjög góðan söng, einkum í „gömlu lögunum“ og í verki Ragnars, sem er mjög erfitt í flutningi.

Nemendasamband MA heldur vorfagnað


ÁRLEGUR vorfagnaður Nemendasambands menntaskólans á Akureyri verður haldinn í Vetrarbrautinni, Þórscafé, þann 4. maí næstkomandi. Hefst fagnaðurinn með borðhaldi klukkan 20 og lýkur á dansi við undirleik hljómsveitar Ingimars Eydal.

Ræðumaður kvöldsins verður Flosi Ólafsson leikari, stúdent 1954 og veislustjóri verður Kristín Sigfúsdóttir kennari við M.A., stúdent 1975. Reynir Jónasson leiðir fjölda-sögn. Miðar verða seldir hjá Eymundsson frá föstudeginum 27. apríl til miðvikudagsins 2. maí. Einnig verður hægt að panta miða hjá Dóru Pálsdóttur og Lára Alexandersdóttur, en símanúmer þeirra er að finna í símaskrá yfir höfuðborgarsvæðið.

Í núverandi stjórn NEMA eru Dóra Pálsdóttir, formaður, Tómas Guðmundsson og Stefán Yngvi Finnogason, ritarar, Bárður

Tryggvason, gjaldkeri, Sverrir Kristinsson og Lára Alexandersdóttir, meðstjórnendur. Í varastjórn eru Práinn Þorvaldsson, Sigurjón Guðfinnsson, Inga Sólves og Guðmundur Arnaldsson.

Afmælisárgangar frá MA undirbúa nú hátíð, sem haldin verður í Íþróttahöllinni á Akureyri þann 16. júní nk. Í frétt frá afmælisárgöngunum segir, að markmiðið með MA-hátíðinni sé að sem flestir norðanmenn hittist og rifji upp gömul kynni. Vænst er góðri þátttöku afmælisárganga og ekki síður annarra norðanstúdenta og velunnara skólans.



Stjórn og varastjórn nemendasambands Menntaskólans á Akureyri. Í efri röð frá vinstri eru Inga Sólves, Práinn Þorvaldsson, Sigurjón Guðfinnsson og Lára Alexandersdóttir. Í neðri röð eru Sverrir Kristinsson, Stefán Yngvi Finnogason, Dóra Pálsdóttir og Bárður Tryggvason. Á myndina vantar Tómas Guðmundsson og Guðmund Arnaldsson.



Nýjar perur
20% afsláttur á 20 tíma kortum
Þetta gildir sem afsláttarmiði

Blessuð sólin skín og skín
skært í ljósabekknunum.
Hjá Sunnu verðið þið sæt og fin
og sæl á sólarbekknunum.

Sólbaðsstofan Sunna
Laufásvegi 17, sími 25280.

Búnaðarbanki Íslands 60 ára:

Afmælissýning á myndlist úr safni bankans

BÚNAÐARBANKI Íslands tók til starfa 1. júlí 1930 og fagnar því 60 ára starfsafmæli á þessu ári. Á hálfra aldar afmælinu fyrir 10 árum var stofnunar bankans minnst með umtalsverðu átaki til styrktar skógrækt og annarri

landrækt á Íslandi. Búnaðarbankinn hefur leitast við að stykja þá starfsemi af fremsta megni á undanförunum árum og mun leggja sitt af mörkum í til efni afmælisins.

Stjórn bankans ákvað að fagna

tímamótum að þessu sinni með einhverjum þeim hætti, sem tengdist jafnt mannrækt og landrækt. Einn þáttur mannræktaráttaks gæti verið að kynna almenningi íslenska myndlist, sem gamalgróin stofnun hefur eignast á langri leið. Því var þess farið á leit við stjórn og framkvæmdastjóra Kjarvalsstaða, að bankinn fengi nokkra daga til umráða í þessum tilgangi á afmælisárinu.

Fyrsti vísir að myndlistarsafni bankans varð til þegar hann flutti úr Arnarhvoli í Austurstræti 9 og síðar í nýbyggt hús í Austurstræti 5 árið 1947. Þá var nýr afgreiðslusalur bankans skreyttur stóru olfúlmálverki Jóns Engilberts og nýttiskulegum virmyndum Sigurjóns Ólafssonar. Upp frá því hefur bankinn sett sér það mark að prýða húsakynni sín verkum íslenskra listamanna starfsfólki og viðskiptavinum til yndisauka. Upphafsmenn þessa safns í bankanum voru þeir Hilmar Stefánsson bankastjóri og Haukur Þorleifsson aðalbókari og síðustu áratugina hefur svo Stefán Hilmarsson bankastjóri haft veg og vanda af málverkakaupnum.

Viðskiptavinir og öðrum velunnurum bankans er boðið að vera við opnun sýningarinnar í dag, laugardaginn 21. apríl, kl. 16.00. Þá mun formaður bankaráðs, Guðni Ágústsson, flytja ávarp og félagar úr Íslensku óperunni syngja nokkur lög. Sýningin verður opin kl. 11-18 frá 22. apríl til 6. maí og eru allir velkomnir. (Fréttatilkynning)

Örverur til landbóta – Athugasemd

eftir Jakob K. Kristjánsson

10. apríl sl. birtist í Morgunblaðinu fréttagrein undir heitinu „Unnið að framleiðslu á rótarveppi til trjá- og lúpinuræktar“. Uppistaðan í greininni var víðtal við mig og Jón Loftsson skógræktarstjóra. Það sem eftir mér er haft er flest mjög ónákvæmt, auk fjölda af villum og ruglingi. Því óska ég eftir að fá eftirfarandi athugasemd birta:

Kveikjan að þessari grein er víðtal sem birtist í DV fyrir nokkru við Jón Gunnar Ottósson, forstöðumann Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá, þar sem hann fullyrði að svepprótarmit væri gagnslaust fyrir skógrækt. Þessu eru starfsmenn Iðntæknistofnunar (ITI) algerlega ósammála og hafa af því spunnist deilur, sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér. Í Morgunblaðsgreininni er sagt, og haft eftir mér,

að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafi átt aðild að framleiðslu á svepprótarmiti því sem deilt er um. Þetta er ekki rétt, RaLa hefur ekki komið þar nærri. Þessu er síðan blandað saman við tvö önnur óskyld verkefni, annað er lúpinurverkefni RaLa og Landgræðslunnar (ekki Skógræktarinnar eins og sagt var), þar sem ITI var ekki formlegur aðili. Hitt er nýtt verkefni „Örverur til landbóta“, sem gerð hefur verið áætlun um, en er ekki farið af stað. Ég harma það að RaLa skuli hafa þarna verið blandað í deilumál, sem þeir eiga enga aðild að.

Ég vil taka það fram að ég fékk ekki að sjá þetta víðtal áður en það var birt, eins og mér hafði þó verið lofað. Það er meginástæðan fyrir þessum villum og reyndar fleirum, sem ég hirði ekki að elta ólar við.

Höfundur er deildarstjóri
Lífæknideildar
Iðntæknistofnunar.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verslunarbanka Íslands hf. verður haldinn í Súlnasal Hótelis Sögu laugardaginn 28. apríl 1990 og hefst kl. 13.30.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 33. grein samþykktu félagsins
2. Tillaga um útgáfu jöfnunarhlutabréfa
3. Tillaga að nýjum samþykktum fyrir félagið.
4. Önnur mál löglega fram borin.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar til fundarins verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra í afgreiðslu útibús Íslandsbanka, Bankastræti 5, miðvikudaginn 25. apríl, fimmtudaginn 26. apríl og föstudaginn 27. apríl kl. 9:15 til 16.00 alla dagana.

Verslunarbanki Íslands hf.



VERSLUNARBANKINN